

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar  
og  
Kennarasamband Íslands  
hins vegar  
gera með sér svofellt  
**SAMKOMULAG**

Eftirfarandi er niðurstaða forsendunefndar KÍ og fjármála- og efnahagsráðherra á grundvelli 14. greinar gildandi kjarasamnings. Aðilar hafa ákveðið að launabreytingar á árinu 2016 og til loka október 2017 verði með eftirfarandi hætti og byggi á nánar greindum skilyrðum.

**1. grein**  
**Launabreytingar**

Sú hækkun launaviðmiðunarhóps sem m.a. er að finna í úrskurði gerðardóms vegna BHM á árinu 2016 eða 5,5% frá 1. júní 2016 leiði til 3,5% hækkunar á launatöflu KÍ frá 1. september 2016 sem kemur til viðbótar þeirri 2% hækkun sem varð 1. janúar 2016.

Upphæð persónuuppbótar á árinu 2016 verður 82.000 kr og upphæð orlofsuppbótar á árinu 2017 verður 46.500 kr.

Sérstök eingreiðsla 1. júní 2017, kr. 63.000, greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf sem er við störf þann 15. apríl 2017 og er enn í starfi í maí. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í apríl. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi, utan þeirra sem eru í launalausum leyfi, þ.m.t. fæðingarorlofi.


**2. grein**  
**Sérstakt ráðrúm til breytinga á vinnumati**


Sérstök viðbót til breytinga stofnanasamninga 1,65% skv. úrskurði gerðardóms í máli 18 BHM félaga varðandi menntunaráherslur í úrskurðinum verði nýtt til frekari útfærslu á vinnumati eftir samkomulagi aðila í millum. Niðurstaða þeirra útfærslu skal liggja fyrir eigi síðar en 16. desember 2016 og taka gildi 1. janúar 2017.

**3. grein**  
**Friðarskylda vegna samningslengdar**

Aðilar hafa komist að þessari niðurstöðu miðað við þá forsendu að friðarskylda skuli vera á milli samningsaðila sem nemur einu ári frá gildistíma síðasta samnings til að forsendur launabreytinga hafi a.m.k. sama tímaramma og gengið er út frá við ákvörðun gerðardóms í máli BHM félaganna.

Reykjavík, 31. október 2016

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra  


f.h. Kennarasambands Íslands  


# Samkomulag um endurskoðun á viðræðuáætlun

Með hliðsjón af niðurstöðu forsendunefndar dags. 31. október 2016 sammælast aðilar um að þeir muni, á grundvelli endurskoðaðrar viðræðuáætlunar, undirritaðrar 23. ágúst 2016, ræða saman undir friðarskyldu með það að markmiði að ljúka endurnýjun kjarasamnings fyrir 31. október 2017.

## 1. grein

### Viðræðutímabil

Aðilar eru sammála um að stefna að gerð nýs kjarasamnings fyrir 31. október 2017.

## 2. grein

### Skipulag viðræðna

Vinnumatsnefndir verði lagðar niður þann 1. nóvember 2016. Fyrir 16. desember 2016 skuli aðilar vera búnir að koma sér saman um farveg og umsjón með vinnumati þar með talið verkefnisstjórn og úrskurðarnefnd.

Aðilar eru sammála um að ná niðurstöðu um önnur sértæk atriði sem hafa verið til umfjöllunar milli aðila fyrir 1. maí 2017

Aðilar skulu kynna aðrar kröfur sínar eigi síðar en 30. ágúst 2017. Aðilar munu þá gera áætlun um framgang viðræðna út frá þeim kröfum sem liggja fyrir.

## 3. grein

### Tímaáætlun og vinnubrögð

Fundur samkvæmt áætlun um framgang viðræðna verði eftir því sem unnt er haldnir á venjulegum vinnutíma.

Náist niðurstaða í jöfnun lífeyrisréttinda og í framhaldi af því samkomulag um breytt vinnubrögð á íslenskum vinnumarkaði munu aðilar útfæra viðræðuáætlun þessa í samræmi við það.


## 4. grein

### Endurskoðun viðræðuáætlunar

Hafi aðilar ekki lokið endurnýjun kjarasamningsins fyrir 1. október 2017 eru þeir sammála um að meta stöðu viðræðna með tilliti til hvort viðræðum verði fram haldið á grundvelli endurskoðunar á viðræðuáætlun eða að málinu verði vísað til sáttameðferðar hjá ríkissáttasemjara.

Reykjavík, 31. október 2016.

F.h. Kennarasambands Íslands



F.h. samninganefndar ríkisins

